

Reykjavík 16. mars 2021

Hjálparstarf kirkjunnar hefur opnað *Skjólið* – opið hús fyrir konur sem eru heimilislausar, eru nýkomnar í búsetuúrræði eftir heimilisleysi eða búa við óöruggar aðstæður. *Skjólið* er opið frá kl. 11:00 – 15:00 alla virka daga og er staðsett í Grensáskirkju. Þörf fyrir úrræði eins og *Skjólið* hefur aukist mikið á síðustu árum en sífellt fleiri konur hafa að engu að hverfa að morgni dags. Neyðarnæturathvarfið Konukot lokar kl. 10:00 og er markmið *Skjólsins* að brúa bilið á daginn þangað til Konukot opnar aftur kl. 17:00. Konur sem eru nýkomnar í búsetuúrræði missa oft tengsl og að hafa *Skjólið* til að heimsækja getur dregið úr einmanaleika þeirra en einnig er *Skjólinu* ætlað að vera öruggur staður fyrir þær konur sem búa við óöruggar aðstæður til að safna kröftum.

Vegna skorts á úrræði eins og þessu hefur þjóðkirkjan stigið það skref að útvega húsnæði og falið Hjálparstarfi kirkjunnar að sjá um rekstur *Skjólsins*. Rekstur hefur verið tryggður í eitt ár með framlagi þjóðkirkjunnar en æskilegt er að fleiri aðilar komi að rekstrinum. *Skjólið* þjónar konum af öllu höfuðborgarsvæðinu.

Rósa Björg Brynjarsdóttir er umsjónarkona *Skjólsins* en aðrar starfskonur eru Fjóla Halldórsdóttir, Una Sigrún Ástvaldsdóttir og Magnea Sverrisdóttir en þær sinna allar daglegum störfum á dagsetrinu. Rósa, Fjóla og Una búa yfir mikilvægri starfsreynslu úr Konukoti og neyðarskýlinu Skipholti. Einig er fyrirhugað að bjóða upp á fræðslu og stuðning sem einstaklingar í sjálfboðavinnu munu sinna.

Húsnæði *Skjólsins* býður upp á marga möguleika til að hlúa að konunum með þessi markmið í huga. Boðið er upp á léttan, næringarríkan hádegismat fyrir skjólstæðinga dagsetursins. Þá geta þær nýtt sér hreinlætisaðstöðu, geta þvegið af sér og farið í sturtu. Í *Skjólinu* er hvert herbergi skipulagt með þarfir kvennanna í huga en haft var samráð við konur sem búið hafa við heimilisleysi eða óöruggar aðstæður. Um er að ræða hvíldarherbergi, tómstundaherbergi þar sem boðið er upp á ýmislegt til listsþópunar og opið rými með nettengdum tölvum til að auðvelda þeim aðgengi í rafrænum heimi.

Í *Skjólinu* er einnig viðtalsherbergi til ráðgjafar. Viðtalsherbergið nýtist einnig þegar Vettvangs- og ráðgjafateymi (VoR-teymi) Reykjavíkurborgar og félagsráðgjafar þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar eru með fasta viðveru í *Skjólinu*. Aðrir fagaðilar eins og Frú Ragnheiður og fagfólk á heilbrigðissviði nýtir einnig viðtalsherbergið ef þarf.

Áfram verður starfsemi *Skjólsins* þróuð og mótuð í samráði við þær konur sem sækja það. Kominn er ákveðinn grunnur til að geta starfað en þarfir kvennanna hafa áhrif á hvað boðið verður upp á. Starfsemi dagsetursins hófst 25. febrúar 2021. *Skjólið* hefur verið kynnt fyrir konunum á þeim stað sem þær eru staddir, hvort sem þær eru í tímabundnu úrræði, nýju búsetuúrræði eða Konukoti. Erfiðast er að ná til kvenna í óöruggum aðstæðum og njótum við tengsla Frú Ragnheiðar að koma upplýsingum til þeirra kvenna með tímanum.

Markmiðið er að konurnar upplifi stöðugleika og öryggi í *Skjólinu* og munu starfskonur leitast við að byggja upp jákvæð tengsl.

Leitað er til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu með stuðning við Skjólið. Óskað er eftir styrk að upphæð 800.000 kr. frá Hafnarfjarðarbæ.

Með kveðju

Rósabj

Rósa Björg Brynjarsdóttir  
umsjónarkona Skjólsins